

Hugstormunarfundur er varðar framtíð UT- kennslu í Grunnskóla Hornafjarðar 6. febrúar kl. 14:30 í stofu 5 í Heppuskóla.

Mættir: Sæmundur, Gunnhildur, Þórgunnur, Eygló, Halldóra, Kristín G., og Guðjón teymisstjóri.

1. Kennsla: skipulag kennslu er kominn tími til að samþætta UT kennsluna enn meir. Á unglingastigi er verið að vinna með UT. Þar er lúxusvandamál að tölvur vantar til þess að nemendur hafi verkfæri.

Á yngra sviði er ekki mikið verið að nota I-pad í kennslu nema þegar Guðjón kemur inn í sína kennslu.

Guðjón telur að google innleiðing sé komin gagnvart unglingastiginu, eins 4., 5., og 6. bekk á yngra sviði. En á yngra sviði þurfi kennarar að vera duglegri að vinna slík verkefni með nemendum.

Þórgunnur segir tækifærin vera til staðar en við erum enn á sama stað og 2013. Samvinna kennara er lykilatriði og samþætting greina til þess að allir tileinki sér tækin sem eru í boði í skólanum.

Höfum í huga að upplýsingatækni er ekki námsgrein ein og sér, hana á að samþætta við allar greinar skólans.

Hvernig er upplýsingatækni háttað hjá mér? Þurfa kennarar að spyrja sig og gera sér greinn fyrir því að við erum öll UT kennarar.

Teymiskennsla rædd á unglingastigi.

2. <https://hamraskoli.is/> markmiðssettar námsskrár í UT, kíkt á þær, þar er kannski búið að vinna með ákveðið flæði á milli árganga sem við gætum tileinkað okkur
3. Sérkennsla: Hvað þarf þar í framtíðinni tæki fara í notkun á næstu árum fyrir nemendur sem þurfa að nota tæki í kennslu.
4. Heimasíðan okkar, nýtist hún sem miðill inn í framtíðinni fyrir UT, Guðjón telur að síðan sé ekki hönnuð fyrir slíkt og upplýsingarnar þar séu meitlaðar í steintöflu. Aðrir taka undir með það. Heimsíðan á að vera síða með upplýsingum um skólann og skólastarfið.
5. Hvað þarf af tækjabúnaði næsta árið? fleiri Croomebook tölvur á unglingastig. Ekki er komin ákvörðun um hvað vantar fyrir næsta skólaár.
6. Skýja umhverfið og geymsla gagna kennara verði vistuð á skýi í framtíðinni. Kennarar á unglingastigi eru að vinna með þetta eða í náttúrufræði og ensku.
7. Hvernig er hægt að nota vendikennslu í skólanum. Hún hefur verið notuð og einhverjir eru að nota hana. Komið er mikið myndböndum á youtube þar sem hægt er að ná sér í vendikennslu eða útskýringar fyrir nemendur. En minna um að myndböndin endi á verkefni sem á að leysa.
8. Eftir umræður um hvert UT teymið ætti að leiða okkur í framtíðinni, varð niðurstaðan sú að UT-teymið yrði sameinað LTÁ teyminu. Guðjón yrði þá teymisstjóri með Gunnhildi. Eftir er að bera það undir LTÁ teymið.

Fundargerð ritaði Kristín G Gestsdóttir